

VILJAYFIRLÝSING  
UM MENNINGARSAMSTARF  
MILLI  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI ALÞÝÐULÝÐVELDISINS KÍNA  
OG  
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI ÍSLANDS

Menningarmálaráðuneyti Alþýðulýðveldisins Kína og mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands (hér á eftir nefnd „aðilarnir“),

sem æskja þess að efla frekar vinsamlega samvinnu milli Kína og Íslands á sviði menningarmála og efla gagnkvæman skilning og vináttu milli þjóðanna tveggja,

í samræmi við menningarsamning milli ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína og ríkisstjórnar Íslands, sem undirritaður var 27. nóvember 1994 í Beijing,

hafa komist að eftirfarandi samkomulagi:

### I. Stefnumótandi skoðanaskipti

Aðilarnir skulu standa fyrir frekari heimsóknum stjórnenda á sviði menningarmála á öllum stigum til að efla skoðanaskipti þeirra á milli. Aðilarnir skulu standa fyrir gagnkvæmum heimsóknum fimm til sex manna sendinefnda á gildistíma þessarar viljayfirlýsingar, til skoðanaskipta og viðræðna um málefni á borð við menningarstefnu, menningarstjórnun og menningartengda þjónustu.

### II. Menning og listir

#### 1. Sviðslistir.

Aðilarnir skulu hvetja stofnanir á sviði leiklistar, danslistar og tónlistar í löndunum tveimur til að efna til samstarfs, auk þess að styðja listamenn og listahópa til þátttöku í alþjóðlegum viðburðum á borð við listahátíðir í löndunum tveimur.

Aðilarnir eru tilbúnir að ræða möguleikann á að standa fyrir listahátíð á gildistíma þessarar viljayfirlýsingar.

#### 2. Sjónlistir.

Aðilarnir skulu hvetja til og styðja við skipulagningu nýrra myndlistarsýninga í löndunum tveimur, greiða fyrir heimsóknum listamanna og hvetja til samskipta þeirra og samstarfs í listsköpun.

#### 3. Bókmenntir og útgáfa.

Aðilarnir skulu hvetja til þýðinga og útgáfu sígildra bókmenntaverka og samtímabókmennta frá landi hvor annars og styðja við gagnkvæmar heimsóknir rithöfunda og þýðenda.

#### 4. Bókasöfn.

Aðilarnir skulu hvetja til samskipta og samstarfs milli almenningsbókasafna í

löndunum tveimur. Í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í báðum löndum eru aðilarnir opnir fyrir því að skiptast á bókakosti, skjölum, eftirritum og örfiljum.

### **III. Kvikmyndir, sjónvarpsefni og fjölmiðlar**

Aðilarnir skulu hvetja stofnanir á sviði útvarps, kvikmyndagerðar, sjónvarps og útgáfu í löndunum tveimur til samskipta og samstarfs. Nánari útfærsla skal ákvörðuð að höfðu samráði við viðkomandi yfirvöld.

### **IV. Söfn**

1. Aðilarnir skulu hvetja til og styðja samstarf milli menningarstofnana í löndunum tveimur á sviði varðveislu og endurgerðar menningarverðmæta.
2. Aðilarnir skulu stuðla að samskiptum og samstarfi milli safna í löndunum tveimur.

### **IV. Almenn ákvæði og fjárhagsákvæði**

1. Þessi viljayfirlýsing mun ekki útiloka aðra menningarstarfsemi sem stofnað er til eftir diplómáttum leiðum.
2. Að meginreglu mun það gilda um allar skiptiáætlanir sem báðir aðilar koma sér saman um innan ramma þessarar viljayfirlýsingar að sendiríki greiðir kostnað við ferðir og flutninga til og frá hinu landinu og að móttökulandið greiðir fyrir fæði, gistingu og ferðalög innanlands.

Undirritað í Reykjavík 23. október 2014 í tveimur frumeintökum, á íslensku og á kínversku, og eru báðir textar jafngildir.

Þessi viljayfirlýsing tekur gildi við undirritun og mun hún gilda fram til 31. desember 2016.

Fyrir hönd menningarmálaráðuneytis Alþýðulýðveldisins Kína

Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis Íslands